

176

11. sept.

4. Sje það enn álitid nauðsynlegt, eins og komið hefir til ta's, að skipta einum bekk i sundur, má fyrst um sinn koma hinum nýja bekk fyrir í alþingissalnum, þar sem vesturherbergi umsjónarmannsins bæði er of litid og ekki má missast, þegar hafa skal sjerstakt herbergi fyrir umsjónarherbergi og til afnota fyrir kennarana. Ef milliveggur í alþingissalnum hefir ekki meiri kostnað í för með sjer, en að sú 200 kr. upphæð nægi, er veitt var í fjárlögumum 1878—1879, til þess að setja í lag hina nýju kennslustofu og útvega áhöld til hennar, skal hjer með samþykkt, að slíkur milliveggur verði settur á þann hátt, að taka megi hann burt aptur án skaða fyrir alþingissalinn.

177

18. sept.

— *Brjef landshöfðingja til landfógeta um reikningshald hins lærða skóla og prestaskólans.* — Þar eð búid er að gjöra nýjar ráðstafanir með tilliti til umsjónarinnar við hinn lærða skóla frá byrjun skólaárs þess, er nú stendur yfir, á reikningsferslan bæði fyrir þennan skóla og fyrir prestaskólann, sem umsjónarmaðurinn áður hefir haft á hendi, eptirleiðis að felast landfógeta á sama hátt og hingað til hefir átt sjer stað með reikningsferslu læknaskólans. Af þessu leiðir, að útgjöldunum til nefndra stofnana mun hjer eptir verða ávísað beinlínis hjeðan, sjeu þau ekki ákveðin með tiltekinni upphæð í fjárlögumum; en þá ber yður að útborga þau án sjerstakrar ávísunar samkvæmt fjárlögumum og hinum almennu reglum um slíkar útborganir, og á þetta sjer einkum stað með útgjöld þau, sem tilfærð eru í 13. gr. B I, a og b 6., og í 13. gr. B III a, b og c 6. og 8. fjárlaganna.

Þar eð umsjónin með húsum og áhöldum hins lærða skóla, svo og útveganir á öllu því, er skólinn þarfnast, er fyrst um sinn falin yfir kennara Halldóri Friðrikssyni¹ á hendur, munu útgjöld þau, sem getur um í 13. gr. B III. c 2. 3. og 7. smámsaman, eptir því sem þau koma fyrir, verða ávísuð honum, gegn því að hann eptir nánara samkomulagi við yður, afhendi yður t. d. við hver mánaðarlok hina útborguðu reikninga, og sje rituð á þá ávísun stiptysfirvaldanna, og þeir kvittaðir, þar að auki ber honum að gjöra grein fyrir, hvernig upphæðum þeim hefir verið varið, er honum hafa verið ávísuðar, og hvernig þeim hafi verið skipt niður á hinar ýmsu útgjaldagreininir.

Útgjöldunum við tímakennslu mun verða ávísað við hver mánaðarlok samkvæmt reikningum samþykktum af rektor skólans og útbúnum með vottorði stiptysfirvaldanna.

Með tilliti til útgjalda þeirra við prestaskólann og lærða skólann, er upp á hafa komið, áður en skólaárið byrjaði, munu stiptysfirvöldin gjöra ráðstafanir til, að hinn fyrverandi reikningshaldari semji og afhendi yður reikning yfir upphæðir þær, er honum hafa verið ávísuðar til útborgunar úr jarðabókarsjóði á yfirstandandi fjárhagsári, og hvernig þeim hafi verið varið samkvæmt hinum einstöku gjaldaliðum fjárlaganna.

178

10. okt.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þýðingu á strandskjölum.* — Með þóknanlegu brjefi frá 3. f. m. senduð þjer, herra landshöfðingi, hingað staðfesta þýðingu á dönsku á nokkrum skjölum, er þjer endursenduð, og sem lúta að strandi enska skípsins «Prince Alfreds» við Ísland í fyrra sumar; og getið þjer þess, að amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæminn hafi óskað, að sjer verði endurgoldinn kostnaðurinn við þýðingu þessa með 9 kr. 50 a.

1) Í brjefi frá 20. s. m. tilkynnti landshöfðingi enn fremur landfógeta, að Halldóri væri lögð 300 kr. þóknun fyrir þessa umsjón, og að Vigfús Guðnason væri ráðinn dyravörður skólans með 700 kr. árskaupi.

Af þessu tilefni lætur ráðgjafinn ekki dragast að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að samkvæmt hinum gildandi reglum verður engin borgun veitt fyrir nefnda þýðingu. 178
10. okt.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um umsjónina með læriveinum hins lærða skóla.* — Jafnframt því að endursenda skjöl þau áhrærandi tilhögun umsjónarinnar við hinn lærða skóla m. fl., er fylgdu þóknanlegu brjefi stiptsyfirvaldanna dags. í gær en meðteknu í dag, vil jeg þjónustusamlega tjá yður það, er hjer segir: 179
11. okt.

1. Spurninguna um fækkun kennslustunda Bjarnar adjúnkts Ólsens hefi jeg borið undir ráðgjafann ásamt þeim ráðstöfunum í heild sinni, er leitt hafa af ályktun alþingis um skólamálið. Þangað til úrskurður ráðgjafans kemur, samþykkjast hjer með tillögur stiptsyfirvaldanna um þetta atriði í brjefi frá 11. f. m.¹
2. Það gefur ekkert verið á móti því, að herbergi því, sem notað er af öllum kennurum skólans og utan kennslustundanna af kennurum þeim, sem hafa umsjónina á hendi, sje lagt eldsneyti og ljós fyrir reikning skólans, en þar á móti vantar að mínu áliti heimild til, að veita adjúnkt Birni Ólsen ókeypis eldsneyti í ofn þann, sem er í íveruherbergi hans í vestanverðu skólahúsinu.
3. Frá minni hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að ákveðið verði, að adjúnkt Sigurður Sigurðsson hafi 22 kennslustundir um vikuna samkvæmt uppástungu rektors og stiptsyfirvaldanna.

— *Agrip af brjefi ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skýrslu, þegar kona embættismanns deyr.* — Eptir að heimtað hafði verið vottorð um andlát konu embættismanns, er svo komizt að orði í þessu brjefi: Ráðgjafinn vill að öðru leyti af tilefni því, sem málefni þetta gefur til þess, biðja yður, herra landshöfðingi, að leggja fyrir landfógetann eptirleiðis að senda hingað skýrslu í hvert sinn, er embættismannskona deyr, sem útvegað hefir verið lífsfje eptir dag bónda síns frá lífsábyrgðar- og framfærslustofnuninni 1871, og sem lífsábyrgðargjald er greitt fyrir í jarðabókarsjóð Íslands — svo að komizt verði hjá því, að ríkissjóðurinn fyrir hönd jarðabókarsjóðsins greiði tjeðri stofnun fyrirfram árgjald, sem jarðabókarsjóðurinn hefir ekki veitt viðtöku. 180
17. okt.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lögtign sýslumanns.* 181
21. okt.
— Út af þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 15. f. m. þar sem þjer með tilliti til athugasemdar, er hlutaðeigandi endurskoðandi jarðabókarsjóðsreikningsins 1875 hafði gjört, spyrjizt fyrir um það, hvort Benedikt sýslumaður Sveinsson geti álitizt skyldur að gjalda nafnbótaskatt, eptir að honum hinn 19. ágúst 1870 var vikið úr embætti því, er hann gegndi sem 2. dómari og dómsmálaritari hins konunglega íslenska landsyfirrettar, lætur ráðgjafinn yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að þegar haft er tillit til, hvernig embættismanni þessum á sínum tíma var vikið úr nefndu embætti,

1) Þær ganga út á, að Birni verði ætlaðar 15 kennslustundir á hverri viku, ef annar kennari tekur þátt í umsjóninni með honum, en annars naumast meira en 12 stundir.